

Sp.

109. Tillaga til þingsályktunar

[98. mál]

um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jónas G. Rafnar, Karl Kristjánsson,
Garðar Halldórsson, Björn Jónsson, Magnús Jónsson,
Bjartmar Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvöru og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi.

Greinargerð.

Hagnýting orkunnar í fallvötnum og jarðhitasvæðum landsins er viðfangsefni, sem þjóðin hlýtur að leggja mikla áherzlu á næstu árin til þess að tryggja bætt lífskjör og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Jökulsá á Fjöllum, öðru nafni Jökulsá í Axarfirði, er eitt af lengstu og mestu vatnsföllum landsins. Hún á upptök sín í norðanverðum Vatnajökli og fellur til sævar í Axarfirði. Langt er síðan byrjað var að mæla vatnsmagn árinna á ýmsum tímum árs, og á grundvelli þeirra mælinga voru einnig fyrir löngu gerðar lauslegar áætlanir um fallorku hennar. Fyrir nokkrum árum var á vegum raforkumálastjórnarinnar hafin ýtarleg rannsókn virkjunarskilyrða í Jökulsá, og hefur henni verið haldið áfram. Af upplýsingum, sem fyrir liggja, mun mega ráða, að hagkvæmt sé og hlutfallslega ódýrt að virkja ána í tveimur orkuverum, öðru við Dettifoss og hinu við Vigabergsfoss, samtals a. m. k. 300—400 þús. kw. Til samamburðar má geta þess, að hér er um að ræða 3—4 sinnum meiri orku en fæst úr Soginu fullvirkjuðu. Líkur benda til, að varla muni annars staðar á landinu hægt að framleiða svo mikið orkumagn á lægra verði.

Athugun á virkjunarskilyrðum í Jökulsá var gerð með það í huga að sannreyna, hvort hægt væri að framleiða hér á landi raforku við það hagstæðu verði, að samkeppnisfært væri við raforkuverð, sem stóriðjufyrirtæki erlendis búa við. Þótti líklegt eftir bráðabirgðaathugunum að dæma, að virkjun Jökulsár mundi hagstæðust. Rannsóknir þessar hafa þegar leitt í ljós, að úr Jökulsá megi vinna raforku á svipuðu kostnaðarverði og stóriðjuver, svo sem alúminíumverksmiðjur, greiða fyrir orkuna víða erlendis.

Samkvæmt bréfi raforkumálastjóra til fjárveitinganefndar Alþingis 6/5 1960 hefur raforkumálaráðherra mælt svo fyrir, að viðbótaráætlanir skuli gerðar til þess að sannreyna, hversu mikið afl — eða ársorku — megi fá úr ánni á svo lágu verði.

Þótt Jökulsárvirkjun mundi verða öflugur varasjóður fyrir núverandi og fyrirhugaðar orkuveitur á Norður- og Austurlandi, er flutningsmönnum tillögu þessarar ljóst, að í þá virkjun verður naumast ráðizt í náinni framtíð, nema jafnhliða verði komið upp iðjuverum, er hagnýti orkuna. Þegar hafa verið gerðar ýmsar bráðabirgðaathuganir á því, hvers konar efnaiðnaður helzt kæmi til greina í því sambandi, en þó er eftir að rannsaka þá hlið málsins til hlítar. Það virðist þó ótvírætt, að slík iðjuver muni kosta miklu stærri fjárhæðir en nokkurt núverandi fyrirtæki hérlendis kostar. Það er því mikilvægt að gera sér jafnframt grein fyrir því, hvernig afla skuli fjármagns til þessara miklu framkvæmda.

Þótt unnið sé nú að áætlanagerð um virkjun Jökulsár og nokkuð hafi verið hugleitt um iðjuver í sambandi við virkjunina, telja flutningsmenn tillögu þessarar hér vera um svo stórfellt hagsmunamál að ræða fyrir byggðirnar í nágrenni væntanlegrar virkjunar og þjóðina í heild, að rétt sé, að Alþingi lýsi þeim vilja sínum, að ríkisstjórnin leggi allt kapp á að hraða sem mest fullnaðarathugun málsins, því að jafnan eru ýmsar hugmyndir um framkvæmdir á döfinni og því nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að hvaða verkefnum á að einbeita sér. Framleiðsla þjóðarinnar þarf að verða bæði meiri og fjölbreyttari, og þær athuganir, sem þegar hafa verið gerðar, virðast ótvírætt benda í þá átt, að orkuver við Jökulsá muni geta lagt traustan og mikilsverðan grundvöll að umbótum á því sviði og stuðlað að jafnvægi í byggð landsins.